

Fundargerð 6.október 2009

Mættir:

Rut Sigurðardóttir

Arnar Bragason

Pétur Jensson

Jón Levý Guðmundsson

Auður G. Sigurðardóttir

1. Formannafundur 8.okt kl. 19:30.

Fundardagskrá fyrir formannafund.

- Kynning á störfum TKÍ síðastliðna mánuði
- Keppnisreglur
- Nefndir. TKÍ hefur auglýst eftir fólki í nefndir. Þær nefndir sem við höfum auglýst í eru:
 - Beltaprófsnefnd
 - Eduardo
 - Jamshid
 - Sigursteinn
 - Helgi
 - Hlynur
 - Ásdís?
 - Aganefnd
 - ?
 - Mótanefnd
 - Jón Levý
 - Dómaranefnd
 - Karvel
 - Jón Levý
 - Starfandi dómara eru Hlynur Gissurarson og Sigursteinn Snorrason.
 - Landsliðsnefnd
 - Fjáröflunarnefnd
 - Pétur Jensson
- Íslandsmót í Poomse og Íslandsmót í sparring mót á næsta ári.
 - Félögin hafa héðan í frá frjálsar hendur með að sækja um að halda mótin, með þeim skilyrðum að mótshaldarara geti skaffað nógu marga dómara og það sem þarf til að halda stærri mót.
- Video – kynningarvideo. Óskum eftir þátttakendum í videoinu.

- Kynna skorkerfahugmyndina fyrir formenn.
 - Ræða kynningarmál félaganna. Hvernig þau sjá það fyrir sér og einnig hvort einhver tengsl við fjölmiðla. Einhverjar hugmyndir um hvernig TKÍ geti komið inn í og aðstoðað félögin með þau mál.
-
2. Skorkerfi. Hugmynd kom upp að skoða það að TKÍ festi kaup á einföld skorkerfi keypt að utan fyrir félögin. Skorkerfin eru einfaldlega sett upp og geta nýst fyrir félögin í æfingum fyrir mót og dómara. Keypt verða 15 kerfi. Kostnaður er áætlaður í kringum 100.000. Tillagan er samþykkt af öllum greiddum atkvæðum.
 3. Dagatal. Magnús kemur með upplýsingar fyrir formannafundinn.
 4. Staða mála vegna HM. Cesar fer út sem annar þjálfari til að styðja við bakið á keppendum þar sem þau eru öll að keppa á sama degi. TKÍ borgar 50% af útgjöldunum sem því fylgir. Annar kostnaður skiptist á milli keppenda og Cesars. Sigursteinn fer 15.okt heim í stað 19.okt búið er að breyta flugmiðanum. Björn er meiddur en verið er að sjá hvort það muni hafa áhrif á þátttöku í HM mótinu.
 5. Ólafur sendi TKÍ póst varðandi að hann væri tilbúinn að taka myndir og video úti á HM mótinu fyrir einhvern örlítinn kostnað vegna lestarmiða þar sem hann býr úti og á nokkuð greiðan aðgang að mótinu. Arnar B. Sendir honum póst um að þetta sé samþykkt af TKÍ.